



4. febrúar 2025

MIKLIR HAGSMUNIR ÍSLANDS UNDIR Í ALÞJÓÐLEGU TOLLASTRÍÐI

Blikur eru á lofti í alþjóðaviðskiptum með breyttum áherslum Bandaríkjanna í tollamálum. Hækkun á tollum á innflutning vara frá Mexíkó, Kanada og Kína til Bandaríkjanna á að taka gildi á næstu vikum og er búist við áformum um tollahækkanir á vörur frá Evrópu. Óljóst er með útfærslu á þessu stigi. Ísland hefur ríka hagsmuni af utanríkisviðskiptum en góð lífskjör hér á landi byggja á sterkum og fjölbreyttum útflutningi og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum.


Forseti Bandaríkjanna undirritaði þann 2. febrúar 2025 tilskipun sem leggur 25% tolla á innflutning frá Kanada og Mexíkó og 10% viðbótartolla á innflutning frá Kína. Þetta er talsverð hækkun frá því sem nú er. Stjórnvöld í Kanada ætla að svara með því að leggja 25% tolla á bandarískar vörur og stjórnvöld í Mexíkó hyggjast einnig leggja á 25% tolla á bandarískar vörur ásamt því að beita öðrum viðskiptatakmörkunum. Viðræður standa nú yfir á milli ríkjanna, samkvæmt nýlegum fréttum og hefur gildistöku verið frestað um mánuð í tífelli Mexíkó og Kanada. Kínversk stjórnvöld hafa leitað til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og lýst því yfir að þau muni grípa til nauðsynlegra gagnaðgerða til að verja sína hagsmuni.

Forseti Bandaríkjanna hefur varað við því að hann muni innan tíðar hækka tolla á innflutningsvörum frá löndum Evrópusambandsins (ESB) og Bretlandi. Fulltrúar ESB hafa lýst því yfir að brugðist verði við með hækkun tolla á innflutning bandarískra vara.

Evrópumarkaður er mikilvægasti markaður Íslands en tugmilljarða útflutningur er einnig til Bandaríkjanna og fer hann vaxandi. Það er því mikilvægt að Ísland gæti hagsmuna sinna bæði gagnvart ESB og Bandaríkjunum, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenskan útflutning og þar með hagkerfið og samfélagið allt.

ÚTFLUTNINGUR IÐNAÐARVARA

Frá Íslandi voru fluttar út iðnaðarvörur til ESB og Bandaríkjanna fyrir um 422 milljarða króna árið 2023 samkvæmt upplýsingum frá Íslandsstofu og Hagstofu Íslands. Þar af nam vöruútflutningur til ESB 382 milljörðum króna eða rétt um 91%. Helstu vörur sem fluttar eru út til ESB eru ál og álvörur



vörum orkusækis iðnaðar. Einnig eru fluttar þangað lækningavörur og -tæki, jarðefni og vörur til endurvinnslu.


Verðmæti iðnaðarvara sem fluttar voru til Bandaríkjanna nam 40 milljörðum króna árið 2023. Um er að ræða lækningavörur og -tæki, matvæli, drykkjar- og landbúnaðarvörur, kísiljárn og aðrar iðnaðarvörur.

Útflutningstekjur iðnaðar námu 698 milljörðum króna árið 2023, en ál er þar í meirihluta. Árið 2018 setti Trump 10% toll á ál og kísiljárn frá Íslandi, sem hafði neikvæð áhrif á útflutning kísiljárns en lítið sem ekkert ál er flutt beint út til Bandaríkjanna.

Útflutningur iðnaðarvara til ESB nam 382 milljörðum króna árið 2023 og lækkaði nokkuð milli ára en hann nam 458 milljörðum króna árið 2022. Lækkunin er vegna þróunar álverðs en lang stærsti hluti álframleiðslu Íslands fer til ESB.

Útflutningur iðnaðarvara til ESB

Milljarðar króna



Útflutningur iðnaðarvara til ESB árið 2023

Milljarðar króna

